

Stjórnarfundur FHB 24. Ágúst 2016

Haldinn á Hótel Sögu

Stjórn og Fagráð sátu sameiginlegan fund með Vilhjálm Svanssyni, Sigríði Björnsdóttur og Sigurborgu Thorsteinsdóttur Varðandi stöðu exemrannsóknanna.

Mætt voru; Sveinn Steinarsson, Jón Bjarni Þorvarðarson, Magnús Jósefsson, Vignir Sigurðsson og Hallveig sem ritaði fundargerð.

Sveinn setti fundinn og lýsti ánægju með fundinn með rannsóknaraðilunum.

Markaðsverkefnið gengur vel og samstarfið við Hestatorgið á LM gekk líka vel, næsti fundur í verkefnastjórn verður í næstu viku og er það fyrsti fundur að loknu sumarfríi. Verkefni sem Arnar hjá landsstólpa er með um raunveruleikabátt í samstarfi við Hollendinga er komið í gang. Þátttakendur eru þekktir Hollendingar og markaðsverkefnið tók að sér að útvega hross og koma þeim á staðinn.

Framundan hjá verkefninu er að koma inn kynningum í tímaritin sem flugfélögin gefa út og dreifa í flugvélum sínum.

Sveinn - Varðandi félagsaðild og stöðuna sem verður þegar búnaðargjald dettur niður þá er það enn í skoðun og m.a. beðið eftir upplýsingum frá sauðfjárbændum. Lagabreytingu þarf til að fella niður búnaðargjaldið en ekkert frumvarp hefur verið lagt til varðandi þá breytingu. Skoða þarf vel hvaða möguleikar eru í stöðunni og hvaða breytingar gætu orðið.

Aðalfundurinn verður haldinn föstudaginn 4. nóvember og fagráðsráðstefnan og uppskeruhátíðin verða haldin daginn eftir. Stefnt á að fara yfir stöðu markaðsverkefnisins.

Rætt um framkvæmd landsmótsins á Hólum, sem þótti góð, og staðsetningu næstu 3ja landsmóta.

Jón Bjarni – talað er um að FM Vesturlands verði haldið í Borgarnesi, en ekki á Kaldármelum eins og verið hefur. Einnig hefur verið talað um að það yrði haldið á Hólum, en Borgarnes er þó líklegra.

Sveinn - Gæðastýring í hrossarækt – spurning hvort ekki eigi að leggja þetta niður þó landnýtingarátturinn haldist inni. Ekki var rukkað fyrir úttekt á síðast ári. Sveinn og Þorvaldur áttu símafund með Bjarna Maronssyni, og þar kom fram að þeir aðilar sem eru með allt sitt á hreinu í landnýtingarmálum eru inni í verkefninu en hinir hafa dottið út frekar en að bæta úr því sem er í ólagi. Stefnt er á að MAST og Landgræðslan hafi samstarf um landnýtingarþáttinn þar sem Landgræðslan tæki að sér að leiðbeina þeim sem þurfa á leiðsögn að halda að mati MAST. Komin er skylda á að grunnskrá og örmerkja hross sem áður var hluti af Gæðaskýringunni. Fundarmönnum leist vel á þennan kost.

Sveinn – Heimur hestsins; hægt gengur í að finna henni farveg og Jón Bjarni nefndi í því sambandi að upplýsingar vanti um sölustaði bókarinnar en Sveinn benti á að hún fengist í hestavöruverslunum og hjá LH. Styrkur fékkst til að þýða bókina og gefa hana út á ensku og er það verkefni í bið eins og er, þar sem verið er að finna farveg til að dreifa og kynna ensku útgáfuna. Kynna þarf bókina betur í reiðskólum og jafnvel að fá forsvarsmenn reiðskóla á fund og kynna þeim bókina þar og kanna dreifingaleiðir.

